



Ræða um verslun, flutt 1957.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Verslun – Efnahagssamvinnunefn Norðurlanda – Evrópu –
Tollabandalag

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 4-2, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vintert flutt 1957
[á fundi Ameríska
Félags samtaka].

Ekki er um það að villast að hlutur Evrópu er nú minni en áður var, bæði að virðingu og í gæðum heimsins.

Að sumu leyti ber að fagna þeirri breytingu, sem á er orðin. Engir ættu að skilja það betur en við Íslendingar, að sú vegsemi og auður, sem fæst með því, að erlendir þjóðir sitji yfir hlut annarra, horfir ekki til góðs.

Að öðru leyti má segja að þróunin sé óviðráðanleg og þýðir því hvorki að harma hana né fagna, heldur taka afleiðingunum. Á þetta m.a. um það að víða eru meiri náttúruauðæfi en í Evrópu.

Enn að ~~xxx~~ öðru leyti má segja, að minni hlutur Evrópu nú miðað við það, sem áður var, sé ~~xxx~~ sjálfskaparviti. Benda menn þá t.d. á, að álfan greinist í of smáar fjárhags- og efnahagseiningar. Hún sé klofin í mörg sjálfstæð ríki og hvert reyni að verulegu

leyti að vera sjálfu sér nóg, en mundi vegna mun betur, ~~xxx~~ ef þau hefðu nána efnahagssamvinnu. Því til rökstuðnings er vitnað til efnahagsþróunarinnar annarsvegar í Bandaríkjunum og hinsvegar í Sovét-Rússlandi, og ber þess að gæta að þegar ~~xx~~ ég hér tala um Evrópu á ég einungis við þann hluta hennar, sem er utan valdsviðs Rússa.

Er því þá haldið fram, að þessi ríki hafi eflst einmitt vegna þess, að þau ráði yfir stórum innlendum markaði þar sem tolla- og viðskiftahindranir komi ekki til greina. Þessvegna sé þar hægt að ráðst í stórfyrirtæki, sem framleiði ~~xxxxx~~ betur og ódýrar en hin minni og af þeim minni verði ^{þau} ofan á, sem samkeppnisferust eru. Með þessu er auðvitað fyrst og fremst átt við Bandaríkin, því þar er um frjálst efnahagslíf að ræða, gagnstætt því, sem í Sovétríkjunum er, þó að enginn eflist um, að um margt njóta þau stærðar sinnar.

Af þessum sökum hefur sú skoðun mjög

rutt sér til rúms, að ef Evrópa eigi ekki að verða algjörlega aftur úr, verði hún að sameinast, eða að minnsta kosti taka upp nána efnahagssamvinnu. Í þessum efnum hefur töluvert áunnist eftir ófriðinn 1945 og skal ég ekki rekja þá sögu, enda skilst mér, að það hafi verið gert ekki alls fyrir löngu einmitt á þessum stað. Hér skal, samkvæmt beiðni formanns ykkar, að mestu einungis rætt um efnahagssamvinnu Norðurlandaráíkjana eða hinn sameiginlega markað þeirra, tollabandalag eða hverju nafni, sem menn vilja nefna. Sú viðleitni er þáttur í viðtækari þróun, sem ég drap á, og verður ekki skilin nema með því að hafa hana í huga.

Á árinu 1948 urðu ríkisstjórnir Norðurlanda sammála um, að skipa sameiginlega nefnd til að rannsaka möguleikana fyrir tollabandaxxxlagi Norðurlanda og var hún kölluð efnahags-samvinnunefnd Norðurlanda, ~~xxxxxxx~~ eða eitt-hvað í þá átt. Talsmaður slíks bandalags hafði einkum gerst þáverandi þjóðbankastjóri

Danmerkur Bramsnes. Á þeim árum var Finnland utan slíkrar Norðurlandasamvinnu, svo að hinir upphaflegu þátttakendur voru Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Ísland. Af Íslands hálfu voru skipaðir til þessarar rannsóknar Jón Krabbe og Birgir Kjaram. Fljótt kom í ljós að meginvandamálin vörðu ekki okkur Íslendinga og rannsóknin varð of flókin, til þess að við gætum fylgst með henni í einstökum atriðum. Þessvegna varð þáttur okkar í henni lítill sem enginn, þó að við fylgdustum ætíð með niðurstöðum.

Þegar norræna ráðið var stofnað tók það við þessum störfum og lagði efnahagssamvinnunefndin ítarlega skýrslu fyrir þing ráðsins, er haldið var í Oslo 1954. Þar sýndist raunar nokkuð sitt hverjum en ofan á varð að halda málinu áfram og taka það upp til enn rækilegri meðferðar. Ályktunin frá Oslo 1954 var í aðalatriðum á þessa leið:

Norræna ráðið felur stjórnunum að
 gæta vinnu að aukinni efnahagssamvinnu landanna.

Sérstaklega leggur ráðið til:

1. Að stjórnirnar reyni að rannsaka skilyrðin fyrir svo viðtökum sameiginlegum norrænum markaði, sem mögulegt er.

2. Að stjórnirnar rannsaki möguleikana fyrir því að nota samskonar ~~toll~~^{hömlu}stíga eða ~~toll~~^{hömlu} gegn öðrum en Norðurlandarríkjum og hefji viðleitni til að eyða tollgreiðslum og viðskiftahömlum milli norrænu landanna að svo miklu leyti og ~~þ~~ svo fljótt sem framkvæmt er, miðað við sérstakar aðstæður í hverju einstöku landi.

3. Stjórnirnar hefji samninga um ákveðin samvinnuefni, er hafi þýðingu fyrir framleiðslu og líf skjör í norrænu löndunum, þar á meðal varðandi rannsóknir og annað slíkt og varðandi framleiðslu og fjárfestingaratriði.

Þetta voru meginefni samþykktarinnar frá 1954.

Fyrir Íslendinga var Hannibal Valdimarsson, núverandi ráðherra, talsmaður í þessum efnum á þingi norræna ráðsins 1954. Fyrir hönd Íslensku fulltrúanna þar, gaf hann yfir-

*i samflutun.
i upps*

lýsingu, þar sem vitnað var til fyrirvara fulltrúa okkar í gömlu norrænu efnahagssamvinnu- nefndinni, sem í fólst, að Íslendingar gætu ekki unnið að undirbúningi málsins sökum sérstöðu Íslands og að niðurstaða rannsóknarinnar og tillögur nefndarinnar hvíldi þessvegna á samvinnu hinna þriggja norrænu ríkjana. Ennfremur vísaðu Hannibal til þess 1954, að Íslendingar hefðu algera sérstöðu vegna verzlunarsamninga við önnur ríki og nokkurra annarra leiða til að útvega ríkistekjur en þin norrænu löndin. Íslenzku fulltrúarnir töldu þessvegna, að það væri ekki rétt að taka afstöðu til einstakra áriða, sem fyrst og fremst vörðuðu hagsmuni hvers einstaks ríkis, er undirbúið höfðu málið. Hinsvegar var tekið fram, að íslenzku fulltrúarnir óskuðu, að gert væri það, sem hægt væri, til að efla efnahagssamvinnuna. Það væri einlæg ósk þeirra, að Ísland væri einnig með í hverju því efni, þar sem það væri mögulegt ~~þögnlegt~~ miðað við eðlilega efnahagsþróun landsins. Í samræmi við þessa yfirlýsingu

nafa Íslendingar haldið sér utan við þær
rannsóknir, sem gerðar hafa verið.

Um fyrirkomulag og efni rannsókna
komu ríkin Þrjú, Danmörk, Noregur og Svíþjóð
sér saman haustið 1954. Þá var sett upp
sérstök samvinnunefnd og sérstökum ráðherrum
falið að hafa yfirstjórn verksins. Aðal-
atriðið var að koma sér saman um til hvaða
vörutegunda rannsóknin skyldi ná, þ.e. hverjar
vörur skyldu heyra til hinum sameiginlega
norræna markaði.

Menn gerðu sér fyrst grein fyrir, xxxxx
hversu mikill hluti viðskifta ríkjanna veri xxx
þeirra á milli. Voru síðan xxx úr þeim
verzlunarvörum valdar ~~ar~~ þær vörur, sem auð-
veldast þótti við að eiga eða mesta þýðingu
mundu hafa í þessu sambandi.

Vöruflokkarnir eru þessir:] A) Hinar
tíltölulega frjálstu vörur.

- B) Járn og stál
- C) Metaller og metallhalvfabrikata vörur
- D) Kemikalíer
- E) Medisínalvörur

F) Electro-tekniskar vörur

H) Vélar

Af þessum vöruflokkum eru hinar tiltölulega frjálsta vörur langumfangsmestar.

Eru þar tiltaldar:

Húðir og skinn óunnar

Tré timbur og kork

Pappírmassi og pappírsgangur

Spunavörur ~~af~~ (aðrar ^{lar} kunstfibre)

~~á~~ Áburðarvörur og mineraler, óunnin

Málmar og málúrgangur

Brensluvörur, smurolíur og skyldar vörur

Trjátrefjaplötur (tráfiber)

Pappír, pappi og vörur úr því

Prentað mál

Skip.

x Af þessu yfirliti sjáum við, að engar af þeim útflutningsvörur, sem verulega þýðingu hafa fyrir okkur, nema ef að telja skyldi áburð (tilsóun), húðir og brotajárn, koma undir þær vörur, sem rannsóknin tekur til.

Um allar þessar vörutegundir er athugað ~~x~~ vöru fyrir vöru, hver áhrif muni hafa

við, þýðing afnáms tolla í viðskiftum landanna sín á milli og brottfall takmarkana á vörumagni í verzluninni þeirra á milli.

Eins og rannsakað, hvort önnur atvik verka sem hindrun á viðskiftunum og þá hvaða þýðingu þau hafi og hvað gera þurfi til að eyða slíkum hindrunum. Ennfremur hefur verið rannsakað, ~~hvaða skilyrði varu til samkeppni milli~~ *önnur atvik, sem hafa þýðinguna um*

landanna, svo sem uppþætur, samánburður á launum, vöxtum og sköttum, heimilt til afskrift ^{þeir} ~~þá er og rannsökuð þýðing þessa~~ ^{na ráðgjafna á} ~~verzlun~~

viðskifti landanna við enn önnur lönd og þátttöku í alþjóðasamtökum. Ennfremur hefur verið ^{þá}

rannsakað í hvaða efnum löndin gætu haft samvinnu sín á milli um framleiðslu. Ennfremur hefur verið rannsakað um ýmisleg teknisk at-
riði, sem þátttöku er upp að telja. Verulega þýðingu hefur, að rannsóknin hefur einnig tekið til, hvaða ráðstafanir þyrfti að gera farðandi fjárfesting og lán, til þess að þessar ráðstafanir gætu komið að gægni.

Miðað við viðskiftin 1953 kom í ljós að Danmörk flutti inn frá Noregi og Svíþjóð

13% af heildarinnflutningnum en flutti út til þeirra 9%. Noregur flutti inn frá Danmörku og Svíþjóð 16% og út 16%. Svíþjóð flutti inn frá Danmörku og Noregi 7% en flutti út til þeirra 14%. Þær vörur, sem ~~xxxx~~ þessi rannsókn tekur til munu vera 70-75% af heildarmagni viðskiftanna landanna á milli.

Eftir að Finnland gerðist aðili Norðurlandaráðs á árinu 1956 tók það einnig þátt í þessum rannsóknum. 1955 flutti það inn frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð 10% af heildarinnflutningi sínum, og telur það því, að sameiginlegi markaður mundi ná til kringum 8% af heildarinnflutningi landsins miðað við 1955.

Þær rannsóknir, sem hér um getur, eru auðsjáanlega tímafrekar og víðtækar og hefur þeim verið látlaust haldið áfra. Er nú boðað að þeim muni verða lokið um mitt ár 1957. Má búast við, að á næsta ári verði teknar fyllnaðarækvarðanir um hvað úr öllu þessu verður.

Eins og ég gat um áður, þá var nokkur ágreiningur um, hvort þessar rannsóknir skyldi hefja 1954. Þessi ágreiningur var ~~á~~ einkum meðal Norðmanna. Sýndi sig þá þegar og hefur síðan verið staðfest, af þeim umræðum, sem orðið hafa, að stjórnarandstaðan þar í landi, ~~þess~~ þ.e.a.s. borgaralegu flokkarnir, eru yfirleitt mótfallnir sameiginlegum markaði, þó að þeir hafi ekki beint sett sig á móti rannsókn málsins. Leynir sér ekki, að þeir óttast, að norskur iðnaður muni reynast ósamkeppnisfær einkanlega við iðnað Svía. Og þó að enn sé ekki ráðgert að landbúnaðarvörur komist á hinn sameiginlega markað, er ótti einnig fyrir hendi um að danskur landbúnaður mundi verða hinum norska yfirsterkari, ef til kæmi. Hinsvegar telja þessir Norðmenn land sitt í rauninni eiga meira sameiginlegt með Vestur-Evrópu og einkanlega Englandi heldur en hinum Norðurlöndunum og miðasx þá ekki síst við hinn mikla flota sinn. Þessvegna eru þeir hræddir við að gerast aðilar nokkurra samtaka, sem

sem geti útilokað þá frá hinum stóra heims-
vegna
markaði, t.d. ~~xxxx~~ gagnráðstafana.

Um þessi mál hafa því staðið harðar
deilur á þingum Norðurlandaráðsins, einkum í
Kaupmannahöfn 1956. Á þinginu í Helsingfors nú
fyrir skömmu var viðhorfið hinsvegar orðið
allmjög breytt. Voru þá komnar til ráðagerð-
arinnar um frjálsa verzlun í Evrópu, eins
og kallað er. Verður nú að fara mjög fljótt
yfir þá sögu. Þar er undirstaðan, samtök
hinna sex ríkja, sem nú fyrir skemmstu luku
samningum um sameiginlegan markað og sam-
vinnu í atommálum sínx á milli, þar eru
Beneluxlöndin þrjú, þ.e. Belgía, Holland og
Luxemburg, Vestur-Þýzkaland, Frakkland og Ít-
alía. Þessi ríki hafa þegar haft með sér
samvinnu um kól og stál og hefur gefið svo
vel að til fyrirmyndar þykir. Þessvegna
hafa þau nú komið sér saman um sameiginlegan
markað, þar sem ráðgert er að tollmúrarnir x
þeirra á milli hverfi smám saman á 17 næstu
árum og þau hafi eftir því sem atvik standa

til, sameiginlega tolla gagnvart þeim ríkjum, er utan við standa. Fyrir forgöngu Frakka ná nýlendur þessara ríkja í Afríku einnig hér til.

Bretar hafa verið mjög tvístígandi í öllum þessum efnum. Í vetur þótti kenna veðrabrigða hjá þeim, ~~xxx~~ þ.e. að þeir væru að verða miklu áhugasamari en áður. Skilst mér að fyrir þeim vaki að stofna viðbótasamtök milli þeirra Evrópuríkja, eða réttara sagt Vestur-Evrópuríkja sem aðiljar vilja gerast um svoka lað frjálsverzlunarsvæði, sem fellu innbyrðis tolla niður eftir því sem samkomu- lag næst um, en hver um sig verði frjálst að því að hafa tolla gagnvart þriðja ríki, eftir því sem honum hentar. Er þetta þó enn mjög í óvissu og kemur þar raunar ýmislegt til, því að bæði er eftir að staðfesta samningana milli ríkjanna sex í heimaþingum þeirra og orðið geta þröugleikar á því, ~~xxxxxxxx~~ Eins á alþjóðatollasambandi GATT eftir að segja til

um, hvort þessir samningar samrýmist því samkomulagi, sem þar var gert. Enn eiga Bretar eftir að forma tillögur sínar og er greinilegt, að ágreiningur er þar í landi um, hversu röt-tækar þær skuli vera.

Á fundinum í Helsingfors kom hinsvegar glögglega fram, að Danir, Svíar og Norðmenn allir, voru sammála um að, ef úr því yrði að Bretar gerðust aðilar slíkra Evrópusamninga með þeim hætti, sem þá var ráðgerður, mundi Norðurlöndunum, minnstak kosti ekki þessum þremur, ekki fært að standa þar fyrir utan. Finnar höfðu á þessu meiri fyrirvara endax er vitað að Rússar eru Evrópusamstarfinu mjög andvígir, þó að þeir láti líklega um að þeir hafi ekkert á móti sameiginlegum markaði Norðurlandanna. En Finnar vilja ógjarnan brjóta beint í bága við vilja Rússa. Sjálfum þykir þeim þó nóg um viðskifti sín við lánin austan jarntjalds, en það er 25-27% af heildarviðskiftum þeirra miðað við 30% af útflutningi okkar 1956. Varðandi Ísland er þess að geta,

að innflutningurinn ~~xxx~~ frá hinum Norðurlöndunum var 1953 16,4% en 16,2% af heildarinnflutningnum 1955. Útflutningurinn á sömu árum var aftur á móti 1952 17,4% og 1955 11,8%. Hlutfallslega höfum við því að þessu leyti svipaðra hagsmuna að gæta og hin löndin. En á það er að líta, eins og ég hefi áður sagt, að mér skilst að aðalútflutningsvörur okkar eigi ekki að komast á hinn sameiginlega markað. Ljóst er og að t.d. iðnaður okkar mundi traúla þola samkeppni frá hinum löndunum. Er viðbúið, að slík einhliða Noðrulandasamvinna yrði okkur ekki til framdráttar. Hitt er enn annað, hvort við frekar en önnur Norðurlönd, komumst hjá að taka þátt í fríverzlunarsvæði Evrópu, ef til kemur. Um það get ég ekkert fullyrt. Til þess þarf miðlar rennsóknir, en ljóst er að allt getur þetta skift okkur svo miklu máli að við megum síst af öllu láta þessi mál fram hjá okkur fara, án þess að fylgjast þar með.

13

Fimmtudagur 7. nóvember 1957

"b) Bátagjaldeyriskerfið, sem sett var á stofn 1951, og Framleiðslusjóður, sem settur var á stofn 1956, og loks Útflutningssjóður, sem tók við stofnunum þessum um síðustu áramót, voru sett á laggirnar til að koma í veg fyrir formlega gengislökkun. Þeir á tilflutningar tekna, er stofnanir þessar hafa innt af höndum, eru þannig dulbúnar gengislökkunir, Íslenska krónan ~~xxxxx~~ verður þessvegna að teljast ofmetin á formlegri gengisskráningu."

5

"d) Að mínu viti er það mesta efnahagslega vandamál landsins að leggja grundvöll að varanlegum vexti raunverulegra tekna og ~~gjaldgættis~~ gjaldeyrstekna ~~íxáx~~ á íbúa. Gengislökkun án ráðstafana sem miðuðu í þá átt væri út í bláinn. Nauðsynlegustu ráðstafanir til undirbúnings þess háttar ráðstöfunum krefjast margra mánaða vinnu."